

# Lög og reglur sem varða samvinnuverkefni (e. Public Private Partnership eða PPP)

Dagmar Sigurðardóttir lögmaður



LAGASTOÐ

Samvinnuverkefni –  
2. gr. laga um  
samvinnuverkefni um  
samgönguframkvæmdir  
nr. 80/2020

- Einkaaðili annast fjármögnun opinbers mannvirkis, í heild eða að hluta,
- Einkaaðili tekur áhættu af gerð og rekstri mannvirkis,
- Heimild til gjaldtöku fyrir notkun mannvirkisins á rekstrartíma.
- **Samvinna** um:
  - ✓ fjármögnun
  - ✓ áætlanagerð
  - ✓ hönnun
  - ✓ uppbyggingu mannvirkja
  - ✓ viðhald, rekstur o.fl.

# Önnur efnisatriði laga 80/2020

- Heimilt að fjármagna samvinnuverkefni með gjaldtöku af umferð
  - Gjaldtaka skal ekki standa lengur en í 30 ár
  - Heimild til eignarnáms
  - Mannvirki eign ríkisins við lok samningstíma
- 
- Samvinnuverkefni geta verið öðruvísi – vantar almenn lög um slík verkefni?

# Ríkið - samþykki Alþingis þarf til

## 40. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944

- Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

## • 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015

- *Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni (3. mgr.)*

Heimilt er, að fengnu samþykki Alþingis, að semja um framkvæmdir, rekstur eða önnur afmörkuð verkefni til lengri tíma en fimm ára ef verkkaupi gerir kröfu um að verksali ráðist í kostnaðarsamar fjárfestingar til að uppfylla samningsskilyrði.

# Sveitarfélög – sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

- **66. gr. 1. - Miklar fjárfestingar og skuldbindingar.**
- Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir.

## Niðurgreiddir samningar – 14. gr. lög um opinb. innkaup nr. 120/2016

- Fylgja skal ákvæðum laga þessara við gerð verksamninga yfir viðmiðunarfjárhæðum á EES-svæðinu sem kaupendur niðurgreiða um meira en 50% þegar um er að ræða samninga um mannvirkjagerð, um verkframkvæmdir, vöru og þjónustu, og einnig þegar samningur felur í sér slíkar framkvæmdir fyrir sjúkrahús, íþróttá- og tómstundamannvirki, skóla, háskóla og opinbera stjórnslu.
- Sama gildir um þjónustusamninga yfir viðmiðunarfjárhæðum á EES-svæðinu sem tengjast slíkum verksamningum.
- Kaupandi skal tryggja að farið sé að lögum þessum þegar annar aðili gerir samning sem fellur undir 1. eða 2. mgr. Sama á við ef opinber aðili gerir samning fyrir hönd slíks aðila eða hefur umsjón með gerð samnings.

# Sérleyfissamningar – nýmæli 2017

- Samvinnusamningar fela oft í sér sérleyfi.
- **12. gr.** laga um opinber innkaup nr. 120/2016
- *Samningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar eða sérleyfis.*
- Reglugerð um sérleyfissamninga nr. 950/2017
- **Sérleyfissamningur:** Verk- eða þjónustusamningur þar sem endurgjald fyrir verk eða þjónustu felst annaðhvort eingöngu í rétti til að nýta sér verkið eða þjónustuna eða í rétti til að nýta sér verkið eða þjónustuna ásamt fjárgreiðslu frá kaupanda.
- **Útboðsskylda á EES** svæðinu ef áætlað verðmæti samnings án vsk. nær 808.914.000 kr.

# Áhrif laga um opinber innkaup nr. 120/2016



- **ÚTILOKUNARÁSTÆÐUR** 68. gr. mega ekki eiga við um fyrirtæki sem koma að verkefni. Má ekki skipta við fyrirtæki sem hafa gerst sek um ýmis afbrot/glæpi.
- **SAMKEPPNI** – auglýsa þarf verkefni og tryggja samkeppni
- **JAFNRÆÐI** – öll fyrirtæki sem koma að verkefni fái sömu upplýsingar og sömu meðferð
- **GAGNSÆI** – ákvarðanataka í samræmi við lögin tryggir gagnsæi og það er mikilvægt þegar um opinbera fjármuni er að ræða á sama hátt og þegar verið er að fjárfesta í þágu lífeyrissjóða.
- **BANN VIÐ MISMUNUN** – fyrirtæki í öðrum löndum mega keppa um verkefnin.



# Önnur lög sem þarf að taka tillit til

- **Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001** - gerð, viðhald eða breyting mannvirkis sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti.
- **Stjórnsýslulög nr. 37/1993** – hæfisreglur- gilda jafnvel þótt um einkaréttarlega gerninga sé að ræða (3. mgr. 1. gr.)
- **Samkeppnislög nr. 44/2005** – gildir um alla atvinnustarfsemi hvort sem er einkafyrirtækja eða opinberra aðila.
- **Lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993** – ef lög um opinber innkaup eiga ekki við
- **Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.**

# Leiðbeiningar fjármálaráðuneytis



Takk fyrir

Dagmar Sigurðardóttir lögmaður



LAGASTOÐ